

1.11.2012

Allsherjar- og menntamálanefnd

Ég hef íhugað þingskjal um trú- og lífsskoðunarfélög sem liggur núna fyrir alþingi. Snertir þessi löggjöf auðvitað mitt trúfélag og finnst mér það gott og gagnmerkt. Auðvita stend ég ekki á móti því að svonefnd "sóknargjöld" sem tekin eru af hverjum og einum renni í það trúfélag sem hver og einn velur. Það er sanngjörn leið að eyrnamerktar álögur skili sér óskertar til trú- eða lífsskoðunarfélagsins.

Hins vegar líst mér ekki á þann skilning sem fram kemur í frumvarpinu að ríkinu sé í sjálfsvald sett hvort það greiði sóknargjaldið að fullu eða sé frjálst að skerða hlut trúfélagsins til endurgreiðslunnar. Í mínu trúfélagi sækjum við tekjur okkar í formi gjafa frá sama fólki og ríkið heimtar sóknargjöld af. Fólknið fær engan frádrátt frá skatti né viðurkenningu á gagnsemi gjafmildinnar af hálfu ríkisins þó það haldi uppi líknar- og/ eða trúfélagi en ríkið áskilur sér rétt að taka til sín bróðurhlutann af sóknargjaldinu og skerða þannig borgaraleg réttindi til að móta eigið samfélag skv. trú og viðhorfi sínu.

Mér finnst einnig mjög varhugaverð þessi breyting á lögunum að kalla þetta "lífsskoðunarfélag". Þetta orð er ekki með skíran ramma og fer því eftir skilgreiningu hvers ráðherra hvað telst vera lífsskoðunarfélag. Vil ég þar nefna að Amnesty International, kirkjur, samhyggð, Islam, heiðni eða stjórnmalasamtök hverskonar geta flokkast til lífsskoðunarfélaga. Til að fara enn dýpra í málið mætti nefna klúbba eins og Fáfni sem eru á jaðri "allsherjarreglunnar" og til góðs lífsmáta, mætti flokka sem lífsskoðunarfélag.

Ég nefni þessi atriði vegna þess sem komið hefur í ljós að undanförunu að lífsskoðunarfélaginu "Gideon" hefur verið meinaður aðgangur að skólum af stjórnmalasamtökum sem ráða í Reykjavík og hafa þá lífsskoðun að Biblían sé hættuleg börnum vegna þess að hún sé gildishlaðið rit. Þegar Ísland er komið í þessi spor og stjórnmalaaöfl beita kristnina hindrunum þá er löggjafanum vandi á höndum og ég vil ekki trúá því að það sé vilji löggjafans að snúa kirkju né kristni niður. Þess vegna tel ég þessa löggjöf mjög varasama vegna þess að í henni eru ákvæði til skerðingar sóknargjalda til trúfélaganna sem dregur úr möguleikum þeirra til bættra samfélagsáhrifa og svo að orðið lífsskoðunarfélag getur verið notað yfir stjórnmalasamtök sem fá greitt aðra styrki úr ríkissjóði til starfsemi sinnar.

Í Guðs friði

Snorri í Betel